

Álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa

Hinn 29. mars 2016 gaf kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa svohljóðandi álit í málinu nr. M-56/2015:

I

Álitaefni og kröfugerð

Hinn 16. júlí sl. bað X, hér eftir einnig nefndur álitsbeiðandi, um álit kærunefndar lausafjár- og þjónustukaupa vegna galla sem hann telur vera á bifreið, sem hann keypti af Y, hér eftir einnig nefndur seljandi. Álitsbeiðandi krefst riftunar á kaupunum.

II

Málsmeðferð kærunefndarinnar

Með bréfi, dags. 27. júlí sl., gaf kærunefndin seljanda kost á andsvörum og bárust þau hinn 5. ágúst. Með bréfi, dags. 14. ágúst, var álitsbeiðanda gefinn kostur á að gera athugasemdir við andsvörin og bárust þær hinn 4. september. Með bréfi, dags. 10. september, var seljanda gefinn kostur á frekari andsvörum og frestur til að skila þeim til 24. september. Hinn 1. október voru gögn málsins send sérfræðingi í bifreiðamálum og skilaði hann álitinu sínu hinn 9. mars sl. Engin frekari gögn bárust nefndinni.

III

Málavextir og rökstuðningur álitsbeiðanda

Í álitsbeiðni og gögnum sem henni fylgdu kemur m.a. fram að um miðjan mars 2015 keypti álitsbeiðandi bifreiðina xx-000 af seljanda. Var bifreiðin af gerðinni Volkswagen Golf, árgerð 2007. Um þremur mánuðum eftir kaupin, eftir nokkra eftirgrennslan, kom í ljós að aftari felga vinstra megin var mjög skemmd. Segist álitsbeiðandi hafa eytt á bilinu 160.000 til 170.000 í viðgerðir og athuganir í tengslum við þetta og krefst riftunar á kaupunum. Meðfylgjandi álitsbeiðni eru ljósmyndir af umræddri felgu ásamt afriti af skoðunarvottorði fyrir bifreiðina, dags. 16. mars 2015.

IV

Andsvör seljanda

Í andsvörum seljanda kemur m.a. fram að í lok febrúar 2015 festi seljandi kaup á nýrri bifreið af umboðsaðila Volkswagen á Íslandi. Við kaupin skildi álitsbeiðandi hina umþrættu bifreið eftir í umboðssölu hjá umboðinu og var bifreiðin verðmetin á kr. 1.050.000. Segist seljandi hafa verið mjög ánægður með bifreiðina, hann hefði átt hana í rúmlega tvö ár, en þegar hann losaði sig við hana var hún ekin 169.000 km og um átta ára gömul. Tveimur vikum eftir að seljandi skildi bifreiðina eftir í umboðssölu var haft samband við hann og honum tjáð að komið væri tilboð í bifreiðina, sem seljandi kveðst hafa samþykkt. Stuttu síðar var aftur haft samband við hann frá umboðinu og honum sagt að tilboðsgjafinn, álitsbeiðandi, hefði farið með bifreiðina í ástandsskoðun að þar hefði ýmislegt smálegt komið í ljós, m.a. að yfirfara þyrfti bremsur. Samþykkti seljandi í kjölfarið kr. 100.000 í frekari afslátt og var bifreiðin því seld á kr. 850.000.

Segir seljandi að hinn 10. júlí sl. hafi verið haft samband við hann frá umboðssölnunni og honum tjáð að álitsbeiðandi væri ósáttur við bifreiðina og krefðist skaðabóta. Telur seljandi kröfu álitsbeiðanda óeðlilega. Álitsbeiðandi hafi fengið verulegan afslátt af kaupverði bifreiðarinnar, en nokkrum mánuðum síðar, þegar búið var að aka bifreiðinni töluvert, krefjist hann greiðslu fyrir reikningi vegna viðgerðar á bifreiðinni sem og að kaupin gangi til baka.

Segir seljandi að frá kaupunum og þar til álitsbeiðandi fór fram á riftun hafi verið liðnir fjórir mánuðir og bifreiðinni verið ekið mikið á þeim tíma. Þá segist seljandi ekki skilja hlut verkstæðisins sem skoðaði bifreiðina strax eftir kaupin og fann síðan síðar út úr því að umrædd felga var ónýt. Það verkstæði hljóti að viðurkenna ranga bilanagreiningu eftir að hafa ráðlegt útskipti á bremsum og vélarpúða í stað þess að skipta um felgu. Þá bendir seljandi á að mat verkstæðisins um að ein felga undir bifreiðinni væri „mjög skemmd“ rími illa við ástandsskoðun sem fram fór á bifreiðinni fyrir kaupin, en í þeirri skoðun virtist ekkert svo alvarlegt ama að neinni felgu undir bifreiðinni.

Seljandi segir að bifreiðina sem um ræði haf hann og eiginkona hans ekið í rúm tvö ár án þess að verða fyrir nokkru óhappi, stóru eða smáu. Á þessu tímabili hafi þau aldrei orðið vör við titring í bifreiðinni og bifreiðin hafi ekki verið „biluð“ þegar hún var seld. Segir seljandi og að hann hafi aldrei hitt álitsbeiðanda. Öll samskipti hafi farið fram í gegnum umboð og álitsbeiðandi hafi stjórnað verðinu á bifreiðinni, sem og látið ástandsskoða hana fyrir kaupin. Segir seljandi að því væri hægt að færa rök fyrir því að álitsbeiðandi hafi vitað meira um bifreiðina við kaupin en hann. Að lokum segir seljandi að hann hafni kröfum álitsbeiðanda.

V

Athugasemdir álitsbeiðanda við andsvör seljanda

Í athugasemdum álitsbeiðanda við andsvör seljanda segir m.a. að fyrir kaupin á bifreiðinni, í mars 2015 hafi álitsbeiðandi skoðað bifreiðina vel ásamt bróður sínum og síðan farið með hana í söluskoðun. Í söluskoðuninni hafi verið gerðar athugasemdir er snéru að bremsum og jafnvægisstöng, en hún hafi verið bogin hægra megin að aftan, sömu megin og þykktarmæling á lakki var ekki í lagi. Sett hafi verið út á að felgur væru farnar að láta á sjá. Fljótlega eftir kaupin segist álitsbeiðandi hafa farið að finna fyrir titringi eða hristingi sem hann hafi tengt við bremsurnar í bifreiðinni. Hinn 30. mars hafi hann farið með bifreiðin á verkstæði í þeim tilgangi að skipta um bremsur en starfsmaður verkstæðisins hafi tjáð honum að nóg væri að liðka bremsurnar. Hinn 16. júní fór álitsbeiðandi með bifreiðina á annað verkstæði og var þá tjáð að hann þyrfti að kaupa ný dekk undir bifreiðina. Hinn 15. júlí fór álitsbeiðandi með bifreiðina á þriðja verkstæðið og var bifreiðin þá skoðuð vandlega og felgurnar m.a. teknar undan bifreiðinni, en þá kom í ljós að ein felgan var skemmd. Um leið hafi verið skipt um mótorpúða, sem hafi verið skemmdur, ásamt spyrnufóðringum að aftan, báðum megin. Hinn 5. ágúst fór álitsbeiðandi með bifreiðina á umboðsverkstæði í bilanagreiningu. Þar kom í ljós að öxulliðir að framan væru líklega bilaðir. Við skoðun á öðru bifreiðaverkstæði hinn 17. ágúst var tekið fyrir að öxulliðir væru bilaðir, en þess í stað skipt um öxulhosu vinstra megin að framan. Telur álitsbeiðandi að framangreint sé merki um að eitthvað hafi komið fyrir bifreiðina áður en hann eignaðist hana, þ.e. að hún hafi lent í talsverðu tjóni. Því telur álitsbeiðandi rétt að kaupin gangi til baka, en til vara að seljandi greiði fyrir viðgerðir á bifreiðinni.

VI

Niðurstaða kærunefndarinnar

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ágreiningur álitsbeiðanda og seljanda falli undir valdsvið nefndarinnar, sbr. lög nr. 87/2006 um breytingu á lögum um lausafjárkaup, lögum um þjónustukaup og lögum um neytendakaup og 1. mgr. 7. gr. reglugerðar nr. 766/2006 um kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa. Ágreiningur aðila fellur undir nr. 48/2003 um neytendakaup.

Við afgreiðslu málsins hefur kærunefndin leitað aðstoðar sérfræðings, sbr. heimild í 2. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 766/2006.

Eins og að framan er rakið keypti álitsbeiðandi bifreiðina af seljanda um miðjan mars 2015 fyrir kr. 850.000. Bifreiðin er árgerð 2007 og fyrsti skráningardagur hennar 14. febrúar 2007. Bifreiðin var því rúmlega 8 ára á kaupdegi og hafði verið ekið um 169.000 km þegar kaupin fóru. Hvorki kaupsamningur né afsal liggur fyrir í málinu, en í ljósi þess að um sölu á notaðri bifreið var að ræða, með milligöngu bifreiðasala má ætla að bifreiðin hafi verið seld „í því ástandi sem hún var“ eða með álíka fyrirvara. Samkvæmt því falla kaupin á bifreið álitsbeiðanda undir 17. gr. neytendakaupalaga sem nær til sölu hlutar „í því ástandi sem hann er“ og sölu hluta á uppboði. Sala á notuðum hlutum fellur því alla jafna undir þessi lagaákvæði. Í 1. mgr. 17. gr. segir m.a.:

„Þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekktum fyrirvara telst hann gallaður þegar:

- a. ástand söluhlutar er verra en neytandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti;
- b. fyrir liggja atvik sem lýst er í b- eða c-lið 1. mgr. 16. gr.“

Í 1. mgr. 16. gr. sem vísað er til í 17. gr. segir m.a. að söluhlutur teljist vera gallaður ef ákveðin atvik eða aðstæður eru fyrir hendi. Liðir b og c hljóða svo:

„b. seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði varðandi hlutinn eða not hans sem seljandi hlaut að þekkja til og neytandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin

c. hann [söluhluturinn] svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun nema seljandi sýni fram á að réttar upplýsingar hafi verið gefnar neytanda við kaupin eða að upplýsingarnar hafi ekki haft áhrif á kaupin.“

Þá segir ennfremur í 3. mgr. 16. gr. neytendakaupalaga að neytandi geti ekki borið neitt það fyrir sig sem galla sem hann vissi eða mátti vita um þegar kaupin voru gerð. Í framangreindum ákvæðum er kveðið á um upplýsingaskyldu seljanda og skoðunarskyldu kaupanda auk þess sem í a- lið 1. mgr. 17. gr. er kveðið á um það að söluhlutur sé gallaður þegar ástand hans er til muna verra en kaupandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti.

Í málinu liggja fyrir upplýsingar um að bifreiðin hafi verið söluskoðuð fyrir kaupin af óháðum aðila, auk þess sem álitsbeiðandi og bróðir hans skoðuðu bifreiðina. Í söluskoðuninni voru gerðar athugasemdir við nokkur atriði, m.a. smá skemmdir á öllum felgum, jafnvægisstöng, aflögun á aftari hluta bifreiðarinnar, lakk o.fl. sem benti til að bifreiðin hefði á einhverjum tímupunkti orðið fyrir tjóni. Munu þessar upplýsingar hafa haft áhrif á kaupverð bifreiðarinnar, til lækkunar og var bifreiðin seld á kr. 850.000 en uppsett verð hennar var kr. 1.050.000. Kærunefndin fær ekki séð að kaupverðið á bifreiðinni hafi á þeim tíma er kaupin fóru fram verið lægra en viðmiðunarverð á sambærilegum bifreiðum, þó segja megi að verð á bifreiðum á þessum aldri geti verið mjög mismunandi og farið m.a. eftir því hvernig bifreiðin lítur út og hvernig virðist hafa verið farið með hana.

Kærunefnd lausafjár- og þjónustukaupa telur að ekkert bendi til þess að bifreiðin svaraði ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hafði gefið um hana, sbr. c-lið 1. mgr. 16. gr. Nefndin telur jafnframt vandséð að seljandi hafi vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skiptu um bifreiðina, sbr. b-lið 1. mgr. 16. gr.

Stendur þá aðeins eftir mat á því hvort ástand bifreiðarinnar hafi verið verra en álitsbeiðandi hafði ástæðu til að ætla miðað við kaupverð og atvik að öðru leyti, sbr. a-lið 1. mgr. 17. gr. laganna. Svo sem rakið er að framan mun hafa komið í ljós hinn 15. júlí sl., þ.e. 4 mánuðum eftir kaupin og eftir nokkra eftirgrennslan álitsbeiðanda, að ein felga undir

bifreiðinni var ónýt. Telur álitsbeiðandi að felgan hljóti að hafa verið ónýt við kaupin og að titringur sem hann varð var við er hann ók bifreiðinni verði rakinn til felgunnar. Þá telur álitsbeiðandi að hin ónýta felga hafi skemmt út frá sér og það sé ástæða þess að skipta hafi þurft um aðra íhluti bifreiðarinnar með tilheyrandi kostnaði. Engir reikningar liggja hinsvegar fyrir í málinu um þann meinta kostnað né upplýsingar um það hvort þær viðgerðir séu í tengslum við það að felga undir bifreiðinni hafi verið ónýt. Seljandi hefur í andsvörum sínum hafnað því að hafa tekið eftir nokkrum titringi við akstur á bifreiðinni meðan hún var í hans umráðum og bent á að álitsbeiðandi hafi átt bifreiðina í umtalsverðan tíma áður en í ljós kom að felgan var ónýt. Þá liggur ekkert fyrir um það hve mikið bifreiðinni hafði verið ekið frá kaupdegi og þangað til í ljós kom að felga hennar var ónýt í júlí s.l.

Sem fyrr greinir var bifreið sú er um er deilt um 8 ára gömul og ekin um 169.000 km. Mátti álitsbeiðandi því búast við því að bifreiðin gæti þarfnast einhvers viðhalds og að upp gætu komið bilanir í henni og hinum ýmsu íhlutum hennar. Þá telur kærunefndin að álitsbeiðanda hafi, gegn mótmælum seljanda, ekki tekist að sýna fram á að ein felga undir bifreiðinni hafi verið haldin galla á kaupdegi né að ástand hennar hafi haft í för með sér aðrar bilanir. Er það því mat kærunefndarinnar að bifreiðin hafi ekki verið haldin galla í skilningi a-liðar 1. mgr. 17. gr. laganna eða í skilningi laga nr. 48/2003 um neytendakaup almennt. Verður því að hafna kröfum álitsbeiðanda. Er sú niðurstaða í samræmi við álit bifvélavirkja þess er kærunefndin leitaði álits hjá.

VI

Álitsorð

Kröfum álitsbeiðanda, X, er hafnað.

Pétur Örn Sverrisson
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir